

Úthlutunarreglur Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar (UÍF) á styrk Fjallabyggðar til aðildarfélaga.

1. gr.

Reglur þessar gilda um styrk Fjallabyggðar til UÍF vegna iðkenda aðildarfélaga UÍF 18 ára og yngri, fatlaðra eldri en 18 ára svo og aldraðra.

2. gr.

Styrkhæf eru aðildarfélög sem eru fullgildir aðilar UÍF samkvæmt lögum UÍF og hafa mætt á ársþing UÍF árið á undan.

3. gr.

Til að hljóta styrk þarf félag að:

- A. bjóða upp á virkt barna- og unglingastarf og/eða sinni íþróttastarfi fatlaðra 18 ára og eldri og aldraðra. Boðið skal upp á starf fyrir bæði kyn eftir því sem íþróttagreinin og aðrar aðstæður gefa tilefni til og boðið upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir bæði kyn. Haldnar séu æfingar undir leiðsögn þjálfara.
- B. hafa aðskilið bókhald fyrir barna- og unglingastarf og starf fullorðinna
- C. hafa boðið upp á íþróttastarfsemi innan UÍF í a.m.k. heilt almanaksár.

3. gr. a

Af heildarupphæð árslegs styrks Fjallabyggðar til UÍF renna 5% til reksturs UÍF

4. gr.

Árlegum styrk Fjallabyggðar til UÍF vegna aðildarfélaga skal skipt á eftirfarandi hátt:

- a) Grunnstyrkur að upphæð kr. 70.000.- rennur til hvers aðildarfélags
- b) Eftir greiðslu grunnstyrks er 90% skipt eftir umfangi aðildarfélaga vegna barna- og unglingastarfs 18 ára og yngri, fatlaðra 18 ára og eldri og aldraðra. Stjórn UÍF tekur ákvörðun um hlutfallsskiptingu hvers aðildarfélags þar sem lagt er til grundvallar upplýsingar frá aðildarfélögum um umfang barna- og unglingastarfsins, s.s. starfstíma, umfang æfinga og þjálfunar, umfang við mótahald og öðru því sem viðkemur virkni aðildarfélaganna í barna- og unglingastarfi. Loks renna 10% í verkefnasjóð sem er í vörslu stjórnar UÍF. Úthlutanir úr honum eru samkvæmt reglum sjóðsins.

5. gr.

Aðildarfélög skulu skila eftirfarandi upplýsingum á til þess gerðu eyðublaði fyrir 31. mars:

- 1. Fjölda iðkenda og félaga samkvæmt upplýsingum úr Felix¹.
- 2. Lýsingu á virkni félags, nöfnum þjálfara, upplýsingum um æfingar og þátttöku í mótum eða opinberum viðburðum.
- 3. Ársreikningi síðasta starfsárs.
- 4. afrit af fundargerð aðalfundar síðasta árs.

¹ Reglugerð ÍSÍ um félaga- iðkenda- og keppendatal

Stjórn UÍF er heimilt að meta umsóknir og hafna þeim sem eru byggðar á röngum upplýsingum.
Hafi umsókn ekki verið skilað á tilsettum tíma er umsókn vísað frá.

Samþykkt á ársþingi 23. maí 2017.

Skýringar á eyðublaði vegna styrkumsóknar:

1. Heiti félags
2. Nafn tengiliðar stjórnar, símanúmer og netfang vegna uppgefina upplýsinga.
3. Upplýsingar um fjölda iðkenda, keppenda og félaga samkvæmt Felix
4. Nafn og kennitala iðkenda samkvæmt Felix
5. Ársreikningur með aðskildu bókhaldi fyrir barna- og unglíngastarf og starf fullorðinna.
Mælst er til að bókhaldslyklar ÍSÍ séu notaðir.
6. Lýsing á virkni félags, nöfn, kennitala og menntun þjálfara, upplýsingar um æfingar þ.e. tímalengd þeirra og þátttöku í mótum, opinberum viðburðum og starfstíma í mánuðum talið.
Æfingatöflur þurfa að fylgja með. Gera þarf grein fyrir heimamótum og mótum annarsstaðar.